

Nefndasvið Alþingis,
skrifstofu Alþingis, nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík,
nefndasvid@althingi.is.

Reykjavík, 17. október 2018
Sent með tölvupósti.

Efni: Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um dómstóla, lögum um meðferð einkamála og lögum um meðferð sakamála (Endurupptökudómur), þingskjal 70 – 70. mál, 149. löggjafarþing.

Með tölvupósti sem sendur var endurupptökunefnd þann 28. september sl. óskaði nefndasvið Alþingis umsagnar endurupptökunefndar um frumvarp til breytinga á ákvæðum laga sem snúa að endurupptöku dómsmála. Samkvæmt frumvarpinu er ráðgert að setja á laggirnar endurupptökudómstól er taki beiðnir um endurupptöku dómsmála til meðferðar í stað endurupptökunefndar. Á 148. löggjafarþingi var frumvarp sama efnis lagt fram en það náði ekki fram að ganga. Við meðferð þess frumvarps, skilaði endurupptökunefnd einnig umsögn til nefndasviðs Alþingis, dags. 24. maí 2018. Í þeirri umsögn nefndarinnar var einkum vakin athygli á skipan dómstólsins, þ.e. að til stæði að dómstóllinn yrði skipaður þremur embættisdómurum og einum dómara, sem ekki væri embættisdómari. Í umsögnum annarra umsagnaraðila, svo sem Lögmannafélags Íslands og Dómarafélags Íslands, voru gerðar áþekkar athugasemdir hvað þetta varðar.

Í athugasemdum með fyrirbyggjandi frumvarpi kemur fram að nú hafi verið komið til móts við athugasemdir er snúa að skipan dómsins og er þá vísað til þess að gert sé ráð fyrir því í fyrirbyggjandi frumvarpi að dómara verði fimm í stað fjögurra og að tveir dómara skuli nú skipaðir samkvæmt tillögu dómnefndar sem starfar skv. III. kafla laga um dómstóla nr. 50/2016, í stað eins dómara í fyrra frumvarpi.

Í athugasemdum með frumvarpinu er þess m.a. getið að tekið sé mið af þeirri stefnu sem mörkuð var með lögum nr. 15/2013, sem laut að því annars vegar að miðað væri að því að koma í veg fyrir að dómara tækju einir ákvörðun um hvort dómsmál skyldu tekin upp að nýju og hins vegar laut að því að tryggja að endurupptökuférlíð væri eins gagnsætt og kostur er.

Endurupptökunefnd vill einkum koma á framfæri ábendingum er varða þessi atriði. Að mati endurupptökunefndar er sú leið sem nú er lögð til grundvallar ekki til þess fallin að eyða tortryggni í garð úrlausna dómsins ef meirihluti dómsins kemur úr röðum embættisdómara. Að þessu leyti hefur ekki orðið breyting á frumvarpinu milli ára, þótt „utanaðkomandi“ dómurum verði fjölgað úr einum í tvo. Áfram sitja þrír embættisdómara af fimm í endurupptökudómstólnum.

Samkvæmt 6. mgr. 2. gr. frumvarpsins skal forseti endurupptökudómstólsins ákveða hverju sinni hvaða dómendur skipa dóm í hverju máli og skv. 7. mgr. skulu þrír dómarar taka þátt í meðferð hvers máls. Getur því hæglega komið upp sú staða að embættisdómarar mynda meirihluta dóms í þeim málum sem til meðferðar eru hverju sinni. Virðist jafnvel vera gert ráð fyrir því í frumvarpinu.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að frumvarpið gerir einungis ráð fyrir því að skipaðir verði varamenn fyrir þá þrjá dómara sem koma úr hópi embættisdómara. Í athugasemdum með 2. gr. frumvarpsins er þetta áréttað þar sem segir að ekki þyki „þörf á að skipa varamenn fyrir hina dómendurna enda geti hvor þeirra sem er gengið inn í mál eftir ákvörðun dómsformanns hverju sinni.“

Þrátt fyrir að forseti dómstólsins ákveði hverju sinni hvaða dómarar skuli taka sæti í hverju máli má ráða af frumvarpinu að meginreglan sé sú að tveir embættisdómarar eigi þar sæti ásamt einum „utanaðkomandi“ dómara. Dómararnir sem eru ekki embættisdómarar skiptist þannig á að sitja í dóminum, með tveimur embættisdómurum. Að mati endurupptökunefndar þykir sú staðreynd að ekki sé gert ráð fyrir varamönnum fyrir „utanaðkomandi“ dómara, styðja þá lögskýringu. Að minnsta kosti er örðugt að sjá hvers vegna ekki er þörf á því að skipa varamenn fyrir þá dómara, ef til stendur að þeir skipi meirihluta dómsins í einstaka málum.

Að mati endurupptökunefndar býður sú skipan dómsins, að embættisdómarar skipi meirihluta hans hverju sinni, áfram upp á þá gagnrýni á úrlausnir dómsins að embættisdómarar séu í varðstöðu um gengna dóma.

Sé stefnt að því að eyða tortryggni á grundvelli slíkra sjónarmiða er það mat endurupptökunefndar að betur færi á því að allir dómarar við endurupptökudómstólinn væru aðrir en embættisskipaðir dómarar, a.m.k. telur nefndin ekki nægjanlegt að einungis tveir af fimm dómurum hins nýja dómstóls komi úr röðum annarra en dómara. Einnig væri unnt að ákveða að „utanaðkomandi“ dómarar skipi meirihluta dómsins í hverju máli. Þá væri hins vegar æskilegt að skipaðir yrðu varamenn fyrir þá dómara. Nefndin leggur þó ekki til að dómurum við dómstólinn verði fjölgað. Að mati nefndarinnar er nægjanlegt að þrír dómarar dæmi í hverju máli.

F.h. endurupptökunefndar


Haukur Örn Birgisson formaður